

Ytra mat Háaleitisskóli



Febrúar 2018



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Birna Sigurjónsdóttir

Dröfn Rafnsdóttir

Hrund Logadóttir

Ragnheiður Axelsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Sara Björg Ólafsdóttir

Ljósmynd forsíðu:

Af heimasíðu Háaleitisskóla

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
Háaleitisskóli	6
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í HÁALEITISSKÓLA.....	7
STJÓRNUN - SAMANTEKT	10
Fagleg forysta.....	10
Stefnumótun og skipulag	12
Samskipti heimila og skóla	13
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	14
Nám og námsaðstæður	14
Þátttaka og ábyrgð nemenda.....	16
Skóli án aðgreiningar.....	17
HÁALEITISSKÓLI – YFIRLIT	19
FYLGISKJÖL	20
Fylgiskjal 1: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar	20
Fylgiskjal 2: Vettvangsathugun, gátlisti matsaðila	21
Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir í 40 kennslustundum.....	23
Fylgiskjal 4: Árangur og líðan nemenda – yfirlit kannana	27
Fylgiskjal 5: Rekstrarniðurstaða Háaleitisskóla frá 2014-2017.....	32

Myndir:

Mynd 1: Einstaklings- eða samvinna í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.....	24
Mynd 2: Notkun í upplýsingatækni í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.....	24
Mynd 3: Markmið kynnt nemendum eða ekki, í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.	25
Mynd 4: Markmið sýnileg eða ekki, í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.	25
Mynd 5: Mat á 40 kennslustundum í Háaleitisskóla miðað við aðra skóla.	26
Mynd 6: Talnalykill, hlutfall nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. .	28
Mynd 7: Lesskimun, hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns.....	28

Töflur:

Tafla 1. Kennsluaðferðir notaðar í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.	23
Tafla 2. Val á verkefnum í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.....	23
Tafla 3. Val á útfærslu 40 kennslustunda í Háaleitisskóla.....	24
Tafla 4. Mat á 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.....	26
Tafla 5. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Háaleitisskóla árin 2013-2017	27
Tafla 6: Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins 2017	29
Tafla 7: Niðurstöður foreldrakönnunnar 2018.	30

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður ytra mats í Háaleitisskóla sem fór fram í febrúar 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfræði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla, mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Háaleitisskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2017-2018. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Könnun var lögð fyrir starfsmenn í tengslum við matið, í febrúar 2018, þar sem svarhlutfall var 60% en auk þess var stuðst við niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir í febrúar 2018 þar sem svarhlutfall var 50,3%. Einnig var stuðst við niðurstöður foreldrakönnunar sem lögð var fyrir á vegum skrifstofu skóla- og frístundasviðs í mars 2018, þar var svarhlutfall 66% en auk þess var könnun fyrir eldri nemendur á vegum Skólapúlsins fyrir skólaárið 2017-2018 höfð til hliðsjónar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl, vettvangsathuganir og kannanir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans.
- Veita skólafyrirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla um ytra mat í Háaleitisskóla unnin.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

HÁALEITISSKÓLI

Háaleitisskóli er grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Skólastjóri er Hanna Guðbjörg Birgisdóttir og aðstoðarskólastjórar eru Ester Eyfjörð Ísleifsdóttir og Guðni Kjartansson.

Í stefnu skólans, sem finna má í starfsáætlun á heimasíðu skólans, kemur m.a. fram að í Háaleitisskóla er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Stefnt er að því að nemendur njóti náms í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpun. Með það markmið í huga er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á sveigjanlega náms- og kennsluhætti svo að hver og einn fái nám við sitt hæfi.

Í Háaleitisskóla voru 543 nemendur skráðir í 1.-10. bekk í október 2017. Þar af voru 97 nemendur sem fengu stuðning vegna íslensku sem annars tungumáls (vorönn 2018), eða 18% allra nemenda í skólanum, og þeir tala 24 mismunandi tungumál.

Stjórnun skólans er skipuð einum skólastjóra og tveimur aðstoðarskólastjórum. Auk þess er deildarstjóri einhverfudeildar, tveir verkefnisstjórar sérkennslu, einn í Álftamýri og annar í Hvassaleiti, einn verkefnisstjóri tölvumála, einn námsráðgjafi og einn yfirþroskaþjálfari. Fjórir þroskaþjálfar eru í skólanum og einn sérkennari. Tveir ritarar og tveir matráðar eru í skólanum, einn á hvorri starfsstöð en sami húsvörður er fyrir báðar starfsstöðvar. Kennarar eru í skráðir í 50,5 stöðugildum, annað fagfólk í 8,2, stuðningsfulltrúar í 5,9, annað starfsfólk í 14,68 stöðugildum, deildarstjóri í einu stöðugildi og þrjú skólastjórnendur. Engir leiðbeinendur eru starfandi við skólann á þessu skólaári. Samtals eru stöðugildi í Háaleitisskóla 83,25. Konur eru í 68,60 stöðugilda og karlmenn í 14,65. Undanfarin ár hefur verið nokkur stöðugleiki í starfsmannahópnum. Starfsmenn skólans eru alls 101 samkvæmt gögnum skólans.

Samkvæmt þessu eru um 6,5 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en að meðaltal í borginni í heild (7,7).¹ Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru 10,8 nemandi á hvert stöðugildi sem er einnig lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (12,9).²

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014.

² Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014.

SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í HÁALEITISSKÓLA

STYRKLEIKAR.

Í Háaleitisskóla er góður starfsandi og skólabragur. Stjórnendur leggja rækt við að hafa góð samskipti og gott upplýsingaflæði. Verkaskipting stjórnenda er skýr, þeir funda reglulega og upplýsingaflæði milli þeirra er gott. Starfsáætlun er uppfærð árlega og hún er aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins á heimasíðu. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda og stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga. Nemendur hafa rúman matartíma samkvæmt stundaskrá.

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið innan skólans, starfsmönnum finnst tekið tillit til skoðana þeirra og ábendinga. Kennarar eru í fjölbreyttum fagteymum og öðrum teymum innan stiga og eru jákvæðir gagnvart þeirri vinnu. Unnið er að ýmsum þróunarverkefnum í skólanum og viðhorf kennara til skólaþróunar er almennt jákvætt. Kennarar upplifa mikið traust frá stjórnendum og finnst þeir hafa svigrúm og frelsi til að koma með hugmyndir og prófa nýjar leiðir í kennslu. Skólinn hefur mótað leiðir til að viðhalda góðum skólabrag og unnið er eftir stefnu um Uppeldi til ábyrgðar. Skólareglur liggja fyrir, eru sýnilegar á veggjum skólans og nemendum finnst þær sanngjarnar. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti í nemendahópnum liggja fyrir og einelti í skólanum mælist undir landsmeðaltali í Skólapúlsinum. Nýir nemendur og foreldrar þeirra fá kynningu á skólanum áður en hann hefst að hausti og vel er tekið á móti nemendum sem hefja skólagöngu í Háaleitisskóla. Samstarf við leikskóla í hverfinu er mikið og fjölbreytt og gott samstarf er við félagsmiðstöðina Tónabæ og frístundaheimilin Krakkakot og Álftabæ. Auk þess er skólinn í samstarfi við fjölbreytta flóru fyrirtækja í hverfinu um starfsnám fyrir nemendur á unglingsstigi og gott samstarf er við íþróttafélagið Fram.

Skólaráð hefur sett sér starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu og fundir ráðsins eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir birtar á heimasíðu. Nemendafélag skólans er virkt og heldur fundi reglulega sem starfsmaður Tónabæjar heldur utan um. Umsjónarkennarar senda vikulega fréttapósta til foreldra og foreldrar eru mjög ánægðir með þá. Foreldrum finnst gott aðgengi að stjórnendum og auðvelt að koma ábendingum á framfæri við þá.

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að nemendum líður almennt vel í Háaleitisskóla. Námsumhverfi styður almennt vel við nám, þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Kennslustundir sem matsaðilar sáu voru skipulagðar og vel undirbúnar en í vettvangsheimsóknum voru flestar kennslustundir metnar *góðar* eða *frábærar* og matsaðilar sáu mjög góð dæmi um sérlega góða fagþekkingu kennara í kennslustundum. Nemendur voru vinnusamir og virtust oftast áhugasamir um nám sitt í þeim kennslustundum sem matsaðilar heimsóttu en samskipti í skólasamfélaginu voru mjög jákvæð og einkenndust af virðingu. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs í gegnum hugmyndaáráð og nemendafélag og nemendur á unglingsstigi hafa val um námsgreinar í um fimmtungi námstímans, bæði bóklegar og verklegar greinar. Á heimasíðu er skólanámskrá í stærðfræði fyrir 5.-7. bekk og náttúrufræði fyrir 8.-10. bekk aðgengilegar og kennsluáætlanir (námsvísar) allra árganga.

Verkefnisstjóri nýbúafraeðslu tók til starfa í ársbyrjun 2018 og hefur unnið að verkefni með Rauða krossinum til að styrkja stöðu erlendra nemenda, sem er til fyrirmyndar. Heildaráætlun skólans um stuðning hefur verið unnin árlega og almennt er ríkjandi viðhorf og væntingar til þess að allir

nemendur geti lært og náð bestu mögulegum framförum í námi, m.a. er áhersla á að nemendur úr einhverfudeild séu eðlilegur hluti af almennu bekkjarstarfi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Ræða ætti stefnu og áherslur skólans til að tryggja að einhugur sé í skólanum um þau skólaþróunarverkefni sem skólinn tekur þátt í og að þeim sé fylgt markvisst eftir. Endurskoða ætti skólanámskrá og birta sem heildstætt skjal á aðgengilegan hátt á heimasíðu. Mikilvægt er að fram komi í skólanámskrá hvernig samfella er milli árganga í öllum fögum, hvert námsefnið er fyrir hvert skólaár, helstu leiðir í námi og námsmat. Tækifæri eru í að auka samráð við skólaráð um gerð skólanámskrár og starfsáætlun og æskilegt væri að skólaráð fundaði oftar. Æskilegt væri einnig að stjórnendur færu reglulega í kennslustundir til að fylgjast með námi og kennslu og veittu kennurum markvissa endurgjöf. Móta ætti áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og birta á aðgengilegan hátt, vinna áætlun um viðbrögð við áreitni og einelti í starfsmannahópnum og kynna fyrir starfsfólki og setja ætti fram reglur um upplýsingagjöf um nemendur. Huga mætti betur að því að allir starfsmenn eigi kost á símenntun sem eflir þá í starfi og birta ætti símenntunaráætlun á heimasíðu. Mikilvægt er að allir starfsmenn eigi kost á að fara í starfsþróunarsamtal á hverju ári. Ljúka þarf gerð öryggishandbókar og birta á heimasíðu og gæta þarf að því að allir starfsmenn undirriti yfirlýsingu um trúnað í starfi. Gagnlegt væri að bæta merkingar í skólanum.

Tækifæri eru til að efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti. Tryggja þarf að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur. Samræma ætti framsetningu kennsluáætlananna og tilgreina markmið, matskvarða og hæfniviðmið í þeim öllum. Kynna ætti kennsluáætlanir og skólanámskrá í einstökum fögum markvisst fyrir nemendum. Sóknarfæri eru í að auka eigið val og útfærslu nemenda í verkefnum og tækifæri liggja í meiri samvinnu milli þeirra. Auka ætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun. Skoða þarf hvernig hægt er að tryggja að nemendur hafi tíma til að fara í og úr sundi án þess að það skerði kennslustundir. Efla þarf notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda.

Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl reglulega og kynna ætti fyrir nemendum hvaða leiðir þeir hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Skilgreina mætti betur með hvaða hætti foreldrar geta komið ábendingum er varða nám nemenda á framfæri og kynna ætti námsmarkmið og leiðir að þeim fyrir foreldrum, t.d. í vikulegum póstum eða í foreldraviðtölum. Æskilegt er að fulltrúi frá frístundaheimili eða félagsmiðstöð sitji viðtöl með nýjum nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendum með sérþarfir, þegar það á við.

Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans undir forystu skólastjórnenda. Birta ætti heildaráætlun um sérstakan stuðning á heimasíðu og kynna fyrir starfsfólki. Skipuleggja þarf stuðning við nemendur þannig að hann fari að mestu fram innan bekkjar. Leggja þarf áherslu á að aðlaga námsefni fyrir nemendur sem það þurfa og gera ætti sýnilegra í skólanum að þar eru margir nemendur með annað tungumál en íslensku. Skýra þarf betur í heildaráætlun skólans verklag og í hverju stuðningur og aðlögun felst. Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar í upphafi skólaárs og tryggja þarf að þær tengist bekkjarnámskrám, að í þeim séu tilgreind skýr hæfniviðmið, markmið, námsmat og ábyrgð hagsmunaaðila. Í einstaklingsnámskrám ætti einnig að tilgreina hvernig samstarfi við foreldra er háttað og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur í einstaklingsnámskrá, m.a. út frá áhugasviði,

félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum. Mikilvægt er að starfsfólk í sérkennslu og stuðningi fundi reglulega og markvisst.

Almennt þarfnast skólinn mikillar endurnýjunar, bæði varðandi tæknibúnað, húsgögn og húsnæðið sjálft.

SAMEINING ÁLFTAMÝRARSKÓLA OG HVASSALEITISSKÓLA

Háaleitisskóli varð til við sameiningu Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla árið 2012. Skólinn starfar nú á tveimur starfsstöðvum, í Hvassaleiti þar sem eru nemendur í 1.-7. bekk og í Álftamýri en þar eru nemendur frá 1.-10. bekk. Í þessu ytra mati var sameining skólanna ekki metin en vert er að geta þess að í öllum rýnihópum nemenda, foreldra, kennara, annarra starfsmanna og stjórnenda komu fram atriði varðandi hana. Meðal þess er kom fram í rýnihópum:

- Unglingar í Hvassaleiti fara flestir í Réttarholtsskóla, fremur en í unglingsdeildina í Álftamýri.
- Upplifun nemenda, foreldra og starfsmanna er að starfsstöðvarnar Hvassaleiti og Álftamýri séu tveir aðskildir skólar.
- Of langt er á milli skólanna til að þeir geti sameinast í einn.
- Starfsfólki finnst sameiningin ekki styðja við aukið faglegt skólastarf.
- Mikill ókostur er að skólastjóri þurfi að skipta sé á milli starfseininga.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, stjórnun og nám og kennslu.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla*.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Háaleitisskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

STYRKLEIKAR:

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra.
- Kennarar, starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með samskiptin við stjórnendur.
- Stjórnendur eru aðgengilegir og nemendur og starfsmenn geta alltaf leitað til þeirra.
- Stjórnendur, bæði skólastjóri og aðstoðarskólastjórar, senda út vikulegt fréttabréf til starfsmanna.
- Fréttir af skólastarfinu og góðum árangri nemenda eru settar á heimasíðu.
- Niðurstöður úr Skólapúlsi eru birtar á heimasíðu.
- Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni um innleiðingu leiðsagnarmats
- Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna eru í starfsáætlun á heimasíðu skólans.
- Verkaskipting stjórnenda er skýr, þeir funda reglulega og upplýsingaflæði milli þeirra gott.
- Við nýráðningar er aflað upplýsinga frá sakaskrá.
- Allir kennarar í skólanum eru með leyfisbréf og kenna í samræmi við sína sérhæfingu.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega við kennara.
- Jafnréttisáætlun er birt á heimasíðu.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið innan skólans.
- Starfsmönnum finnst tekið tillit til skoðana þeirra og ábendinga.
- Fundaráætlun fyrir skólaárið liggur fyrir og nær til alls starfsfólks.
- Stjórnendur senda vikulega út fréttapósta og almenn ánægja er með upplýsingastreymið í skólanum.
- Kennarar eru í fjölbreyttum fagteymum og teymum innan stiga og eru jákvæðir gagnvart þeirri vinnu.
- Samstarf við leikskóla í hverfinu er mikið og fjölbreytt.
- Gott samstarf er við félagsmiðstöðina Tónabæ og frístundaheimilin Krakkakot og Álftabæ.
- Skólinn er í samstarfi við fjölbreytta flóru fyrirtækja í hverfinu um starfsnám fyrir nemendur á unglingastigi, sem er til fyrirmyndar.
- Gott samstarf er við íþróttafélagið Fram og nemendur sem nýlega hafa flutt til landsins fá tækifæri til að prófa að sækja æfingar í ólíkum íþróttagreinum endurgjaldslaust.
- Í starfsáætlun er greinargóð umfjöllun um samstarf við önnur skólastig, stofnanir, íþróttafélög og aðra aðila í grenndarsamfélaginu.
- Unnið er að ýmsum þróunarverkefnum í skólanum og viðhorf kennara til skólaþróunar er almennt jákvætt.
- Kennarar upplifa mikið traust frá stjórendum og finnst þeir hafa svigrúm og frelsi til að koma með hugmyndir og prófa nýjar leiðir í kennslu.

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

- Símenntunaráætlun liggur fyrir.
- Umbótaáætlun liggur fyrir og er birt á heimasíðu.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Æskilegt væri að umræða um stefnu og áherslur skólans færu fram reglulega með þátttöku helstu hagsmunaaðila.
- Kynna mætti stefnu skólans betur fyrir foreldrum.
- Æskilegt væri að stjórnendur færu reglulega í kennslustundir til að fylgjast með námi og kennslu og veittu kennurum markvissa endurgjöf.
- Gera ætti nýtt skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í sameinuðum skóla.
- Gæta þarf að því að allir starfsmenn undirriti yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Mikilvægt er að allir starfsmenn eigi kost á að fara í starfsþróunarsamtal á hverju ári.
- Móta ætti áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og birta á aðgengilegan hátt, t.d. í starfsmannahandbók eða á heimasíðu.
- Vinna þarf áætlun um viðbrögð við áreitni og einelti í starfsmannahópnum, kynna fyrir starfsfólki og birta á heimasíðu.
- Setja ætti fram reglur um upplýsingagjöf um nemendur.
- Kynna mætti betur fyrir starfsmönnum hvar fundargerðir starfsmannafunda og kennarafundar eru vistaðar.
- Vinna áfram að því að bæta upplýsingaflæði til að tryggja að allir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar um starfið.
- Ræða ætti stefnu og áherslur skólans til að tryggja að einhugur sé í skólanum um þau skólaþróunarverkefni sem skólinn tekur þátt í og að þeim sé fylgt markvisst eftir.
- Huga mætti betur að því að allir starfsmenn eigi kost á símenntun sem eflir þá í starfi.
- Birta ætti símenntunaráætlun á heimasíðu.

STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

- Starfsáætlun birtir skipurit og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla.
- Starfsáætlun er uppfærð árlega.
- Starfsáætlun er mjög aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins á heimasíðu.
- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda.
- Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Nemendur hafa rúman matartíma á öllum stigum samkvæmt stundarskrám.
- Fyrirmyndar verklag er í blöndun innan árgangs 5. bekkjar í Álftamýri.
- Nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf og tómstundir sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði.
- Skólinn hefur mótað leiðir til að viðhalda góðum skólabrag og unnið er eftir stefnu um Uppeldi til ábyrgðar.
- Starfsfólk á hvorri starfsstöð fyrir sig hefur gert með sér samskiptasáttmála.
- Allir umsjónarkennarar gera bekkjarsáttmála um samskipti með sínum bekk að hausti.
- Skólareglur liggja fyrir, eru sýnilegar á veggjum skólans og nemendum finnst þær sanngjarnar.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og einelti í skólanum mælist undir landsmeðaltali í Skólapúlsinum.
- Nýir nemendur og foreldrar þeirra fá kynningu á skólanum og koma og skoða skólann áður en hann hefst að hausti.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Endurskoða ætti skólanámskrá og birta sem heildstætt skjal á aðgengilegan hátt á heimasíðu.
- Tækifæri eru í að auka samráð við skólaráð um gerð skólanámskrár og starfsáætlun.
- Ræða ætti framkvæmd skólafundum á starfsmannafundum og hvort markmiðum hafi verið náð.
- Móta þarf heildarsýn skólans um hvernig bregðast eigi við margbreytileika nemendahópsins í skóla án aðgreiningar.
- Tækifæri liggja í því að leggja meiri áherslu á samþættingu greina og samvinnu milli árganga.
- Tryggja þarf að nemendur hafi tíma til að fara í og úr sundi án þess að það skerði kennslustundir.
- Æskilegt væri að nemendur kæmu að mótun og endurskoðun skólareglna.
- Birta ætti heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur í skóla án aðgreiningar á heimasíðu og kynna fyrir starfsfólki.
- Æskilegt er að fulltrúi frá frístundaheimili eða félagsmiðstöð sitji viðtöl með nýjum nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendum með sérþarfir, þegar það á við.
- Ljúka þarf gerð öryggishandbókar og birta á heimasíðu.

SAMSKIPTI HEIMILA OG SKÓLA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

- Skólaráð hefur sett sér starfsreglur sem birtar eru á heimasíðu.
- Fundir ráðsins eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru birtar á heimasíðu.
- Stjórn foreldrafélags fundar reglulega með skólastjórnendum.
- Kennarar á yngsta stigi senda foreldrum „heimamarkmið“ með leiðbeiningum um hvað nemendur þurfa að æfa betur í náminu og hvernig foreldrar geta hjálpað til við það.
- Umsjónarkennarar senda vikulega fréttapósta til foreldra og foreldrar eru mjög ánægðir með þá.
- Heimasíða skólans er virk og auðvelt að finna upplýsingar um skólastarfið þar.
- Foreldrum er boðið að koma í heimsókn í skólann í kaffispjall og kíkja í kennslustundir.
- Foreldrum finnst gott aðgengi að stjórnendum og auðvelt að koma ábendingum á framfæri við þá.
- Foreldrakönnun sýnir að 75% foreldra í Háaleitisskóla finnst að ábendingar þeirra séu teknar til greina.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Æskilegt væri að skólaráð fundaði oftari yfir skólaárið.
- Leggja ætti allar helstu ákvarðanir varðandi skólastarfi, s.s. starfsáætlun, skólareglur og skólanámskrá, fyrir skólaráð til umfjöllunar.
- Kynna ætti markvisst námsmarkmið og leiðir að þeim fyrir foreldrum, t.d. í vikulegum póstum eða í foreldraviðtölum.
- Skilgreina mætti betur með hvaða hætti foreldrar geta komið ábendingum er varða nám nemenda á framfæri.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Háaleitisskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

- Kennsluáætlanir (námsvísar) allra árganga eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Stjórnendur kynna starfsfólki niðurstöður kannana.
- Niðurstöður Skólapúlsins varðandi líðan og heilsu nemenda sýna að nemendum líður almennt vel í Háaleitisskóla.
- Verkefnisstjóri nýbúafræðslu tók til starfa í ársbyrjun 2018.
- Fyrirmyndarverkefni er unnið með Rauða krossinum til að styrkja stöðu erlendra nemenda.
- Stuðningsfulltrúar sem tala tungumál nemenda sem koma frá öðrum löndum hafa aðstoðað börn og foreldra.
- Á heimasíðu skólans eru reglulega sagðar fréttir af skólastarfinu og góðar upplýsingar eru um skólastarfið almennt.
- Námsumhverfi styður almennt vel við nám, þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.
- Á göngum skólans eru mörg verkefni sem nemendur hafa unnið sem gera skólann vinalegan og hlýlegan.
- Á heimasíðu er skólanámskrá í stærðfræði fyrir 5.-7. bekk og náttúrufræði fyrir 8.-10. bekk.
- Kennslustundir sem matsaðilar sáu voru skipulagðar og vel undirbúnar.
- Foreldraviðtöl eru reglulega, þar sem m.a. er rætt um líðan nemenda og nám þeirra.
- Nemendur á unglíngastigi hafa val um námsgreinar í um fimmtungi námstímans, bæði bóklegar og verklegar greinar.
- Kennarar eru jákvæðir gagnvart nemendum sem skilar sér í góðum skólabrag.
- Í vettvangsheimsóknnum voru flestar kennslustundir metnar góðar eða frábærar.
- Matsaðilar sáu mjög góð dæmi um sérlega góða fagþekkingu kennara í kennslustundum.
- Nemendur voru vinnusamir og virtust oftast áhugasamir um nám sitt í þeim kennslustundum sem matsaðilar heimsóttu.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Birta ætti skólanámskrá sem heildstætt skjal á heimasíðu skólans á aðgengilegan hátt.
- Samræma ætti framsetningu á kennsluáætlunum.
- Tækifæri liggja í því að móta markvissari stefnu um hvernig grunnþættir menntunar birtast í almennu skólastarfi og í einstökum námsgreinum.
- Leggja þarf áherslu á að aðlaga námsefni fyrir nemendur sem það þurfa og lagt er til að reynt verði að veita stuðning innan bekkjar eins og kostur er.
- Tækifæri eru að kynna betur fyrir foreldrum og nemendum kennsluáætlanir á heimasíðu.

⁴ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

- Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé markvisst með niðurstöðum.
- Mikilvægt er að fram komi í skólanámskrá hvernig samfella er milli árganga í öllum fögum, hvert námsefnið er fyrir hvert skólaár, helstu leiðir í námi og námsmati.
- Viðmið um námsmat og matskvarðar eiga að vera í öllum kennsluáætlunum.
- Tækifæri eru til að efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti.
- Sóknarfæri eru í að auka eigið val og útfærslu nemenda á verkefnum enn frekar.
- Mikilvægt er að huga vel að því að innlögn sé alltaf hluti af kennslustund.
- Tækifæri liggja í meiri samvinnu milli nemenda.
- Gagnlegt væri að bæta merkingar í skólanum.
- Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl reglulega.
- Hugsa þarf að því að nemendur fái við fjölbreytt viðfangsefni og hafi val um útfærslu verkefna.
- Leggja þarf meiri áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur og gera þau sýnileg.
- Auka ætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun.
- Auka ætti samvinnu og samstarf nemenda.
- Kynna ætti kennsluáætlanir og skólanámskrá í einstökum fögum markvisst fyrir nemendum.
- Endurskoða ætti fyrirkomulag uppbrotsviku í unglingsáætlun og veita nemendum meira frelsi um hvað þeir hefðu áhuga á að læra og jafnvel þjálfra samvinnu á markvissan hátt.
- Auka ætti val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni, kynna þeim mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og auka fjölbreytni kennsluhátta.
- Efla þarf notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda.

ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

- Samskipti í skólasamfélaginu eru mjög jákvæð og einkennast af virðingu.
- Leitað eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs í gegnum hugmyndaráð og nemendafélag.
- Verklag um hugmyndaráð og nemendafélag er skráð í starfsáætlun.
- Nemendafélag skólans er virkt og heldur fundi reglulega sem starfsmaður Tónabæjar heldur utan um.
- Fundargerðir skólaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Fyrirmæli voru skýr um viðfangsefni þeirra kennslustunda sem fylgst var með.
- Í skólanum fer fram umræða um hvernig megi stuðla að bættum árangri nemenda.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Mikilvægt er að nemendum sé kynnt hvaða leiðir þeir hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Kynna ætti nemendum að upplýsingar frá fundum skólaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu og fundargerðir og lög nemendafélags eru þeim aðgengileg.
- Tryggja þarf að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur.
- Leita ætti leiða til að kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim.
- Samræma ætti framsetningu kennsluáætlana og tilgreina markmið, matskvarða og hæfniviðmið í þeim öllum.

SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

- Heildarstefna skólans endurspeglar mörg gildi skóla án aðgreiningar.
- Stjórnendur og starfsfólks skólans styðja hugmyndafræði um nám án aðgreiningar.
- Áhersla er á að nemendur úr einhverfudeild séu eðlilegur hluti af almennu bekkjarstarfi.
- Almenn er ríkjandi viðhorf og væntingar til þess að allir nemendur geti lært og náð bestu mögulegum framförum í námi.
- Vel er tekið á móti nemendum sem hefja skólagöngu í Háaleitisskóla.
- Í foreldrakönnun kom fram að 75% foreldra telja að ábendingar þeirra séu teknar til greina.
- Heildaráætlun skólans um stuðning hefur verið unnin árlega.
- Foreldrar hafa tækifæri til að koma með tillögur í einstaklingsnámskrár barna sinna og óskað er eftir undirritun frá þeim.
- Á heimasíðu skólans er greinagóður listi yfir skimanir sem eru gerðar í hverjum árgangi.
- Kennarar leita faglegs stuðnings meðal samstarfskennara eða samstarfsaðila.
- Kennarar á unglingastigi hafa oft leitað ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.
- Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda með könnunum Skólapúlsins, hugmyndaráði og nemendafélagi.
- Niðurstöður kannana Skólapúlsins hafa verið kynntar starfsfólki skólans.
- Almenn ánægja er með upplýsingagjöf í skólanum.
- Starfsfólk Háaleitisskóla vinnur í mörgum teymum og fundar reglulega í þeim.
- Litið er á að ábyrgð á nemendum sé sameiginleg.
- Mikil ánægja er með skólalóð sem nýlega var tekin í notkun eftir gagngerar endurbætur og skjávarpa í öllum kennslurýmum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans undir forystu skólastjórnenda.
- Skipuleggja þarf stuðning við nemendur þannig að hann fari að mestu fram innan bekkjar, sé þess kostur.
- Koma þarf betur til móts við nemendur af erlendum uppruna, m.a. með aðlöguðu námsefni og námsmati.
- Útvega þarf fræðslu um virkt tvítyngi fyrir allt starfsfólk.
- Gera þarf sýnilegra í skólanum að þar eru margir nemendur með annað tungumál en íslensku.
- Kynna þarf markvisst fyrir foreldrum og nemendum leiðir sem þeir hafa til að hafa áhrif í skólastarfi.
- Skýra þarf betur í heildaráætlun skólans verklag og í hverju stuðningur og aðlögun felst.
- Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar í upphafi skólaárs.
- Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár tengist bekkjarnámskrám, að í þeim séu tilgreind skýr hæfniviðmið, markmið, námsmat og ábyrgð hagsmunaaðila.

- Í einstaklingsnámskrám ætti að tilgreina hvernig samstarfi við foreldra er háttað og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur í einstaklingsnámskrá, m.a. út frá áhugasviði, félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum.
- Tryggja þarf að unnið sé með niðurstöður skimana og kannana.
- Tækifæri eru að efla samskipti við þjónustumiðstöð enn frekar.
- Mikilvægt er að starfsfólk í sérkennslu og stuðningi fundi reglulega og markvisst.
- Ekki er ljóst hvort eða hvernig unnið er með niðurstöður Skólapúlsins.
- Leggja ætti áherslu á að fjarlægja hindranir í námi nemenda eins og kostur er, t.d. með sjónrænum vísbendingum.
- Mikilvægt er að í einstaklingsnámskrám komi fram mælanleg markmið, námsframvindan og hvernig framfarir og ný markmið haldast í hendur.
- Efla ætti sjálfsmat og jafningjamat nemenda.
- Almenn þarfnast skólinn mikillar endurnýjunar, bæði varðandi tæknibúnað, húsgögn og húsnæðið sjálft.

HÁALEITISSKÓLI – YFIRLIT

Stjórnun			Nám og kennsla		
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingamiðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1: VIÐMIÐ UM MAT Á GÆÐUM KENNSLUSTUNDAR

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefni mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.

FYLGISKJAL 2: VETTVANGSATHUGUN, GÁTLISTI MATSAÐILA

Vettvangsathugun – gátlisti Matsaðili:	Skóli
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari: Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í stundinni: Fjöldi nemenda í sérúrræði:
Kennsluhættir: (merkja hámark við 3) Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur	Samvinna nemenda/einstaklingsvinna. Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Kennari ákveður verkefni og útfærslu þess Nemendur hafa val um verkefni og/eða útfærslu verkefnis	Markmið stundarinnar eru gerð sýnileg eða kynnt: Já/nei
Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i>	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	
Samskipti og samstarf	
Fjölbreytileikinn er virtur	
Samskipti nemenda er jákvæð	
Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum	

Samvinna er markvisst þjálfuð			
Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefni eru krefjandi			
Verkefni eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefni eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnhættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	Þarf að bæta	Óviðunandi

FYLGISKJAL 3: VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í 40 KENNSLUSTUNDUM

Matsaðilar fóru í 40 kennslustundir við ytra matið og notuðu til þess viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2). Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvaða kennsluaðferðir voru notaðar, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort upplýsingatækni var notuð, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni eða gerð sýnileg og að lokum var kennslustundin metin í heildina.

Í heimsóknnum matsaðila var oftast merkt við fleiri en eina kennsluaðferð í hverri kennslustund því oft voru nokkrar kennsluaðferðir notaðar. Oftast voru nemendur í hefðbundinni verkefnavinnu eða í 63% kennslustunda, innlög kennara var í 45% kennslustunda og í 43% kennslustunda voru nemendur í sjálfstæðri vinnu. Vettvangslýsingar sýndu að nokkuð mismunandi leiðir voru þó notaðar í kennslustundum sem matsaðilar fóru í en mörg tækifæri eru til að efla þennan þátt frekar (tafla 1).

Tafla 1. Kennsluaðferðir notaðar í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.


Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	25	63%
Innlögn	18	45%
Sjálfstæð vinna	17	43%
Þemavinna	6	15%
Verklegt	7	18%
Tjáning	7	18%
Eigið val	7	18%
Sköpun	6	15%
Markviss samvinna	4	10%
Áhorf/Hlustun	3	8%
Lestur	3	8%
Tilraunir	1	3%
Bekkjarfundur	1	3%

Tafla 2. Val á verkefnum í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.


Val á verkefnum	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	28	70%
Nemendur velja verkefni	1	2,5%
Bæði kennari og nemendur ákveða	11	27,5%
Samtals	40	100%

Tafla 3. Val á útfærslu 40 kennslustunda í Háaleitisskóla.


Val á útfærslu verkefna	Fjöldi	Hlutfall
Nemendur hafa val um útfærslu	12	30%
Kennari hefur val um útfærslu	22	55%
Bæði kennari og nem val um útfærslu	6	15%
Samtals	40	100%




Mynd 1: Einstaklings- eða samvinna í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.



Mynd 2: Notkun í upplýsingatækni í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.




Mynd 3: Markmið kynnt nemendum eða ekki, í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.



Mynd 4: Markmið sýnileg eða ekki, í 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.

Tafla 4. Mat á 40 kennslustundum í Háaleitisskóla.

Mat á kennslustundum	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	5	12,5%
Góð	33	82,5%
þarf að bæta	1	2,5%
Óviðunandi	1	2,5%
Samtals	40	100%



Mynd 5: Mat á 40 kennslustundum í Háaleitisskóla miðað við aðra skóla.


FYLGISKJAL 4: ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT KANNANA

Árangur nemenda í Háaleitisskóla í samræmdum prófum hefur haldist nokkuð svipaður árin 2013-2017. Í 4. bekk hefur námsárangur verið oftar yfir meðaltali í íslensku en undir meðaltali í stærðfræði. Árangur í 7. bekk hefur oftar verið undir meðaltali bæði í íslensku og stærðfræði en í 10. bekk hefur árangurinn alltaf verið yfir meðaltali í íslensku, stærðfræði og ensku. Hins vegar breyttist það þegar 9. bekkur tók samræmdu prófin árið 2017 en þá var Háaleitisskóli undir meðaltali í öllum námsgreinum sem samræmdu prófin mæla (tafla 5).

Tafla 5. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Háaleitisskóla árin 2013-2017


Samræmd könnunarpróf - meðaltal Háaleitisskóla og Reykjavíkur					
	2013	2014	2015	2016	2017
4. bekkur					
Íslenska	31,1	28,4	31,7	33,9	28,3
Reykjavík	30,8	30,6	30,9	30,1	30,3
Stærðfræði	28,1	28,8	30,5	32,2	29,5
Reykjavík	30,6	30,3	30,8	30,0	30,2
7. bekkur					
Íslenska	29,2	31	32,5	30,7	31,8
Reykjavík	30,8	31,3	30,7	30,9	30,6
Stærðfræði	27,4	28,6	30	32,5	29,7
Reykjavík	30,6	31,4	30,3	30,4	30,6
10. bekkur					
Íslenska	31,6	33,8	35,7		31,1
Reykjavík	30,4	31,0	31,2		30,9
Stærðfræði	31,4	35,2	35,4		33,7
Reykjavík	30,4	30,9	31,3		31
Enska	33,9	36,3	34,3		31,9
Reykjavík	31,2	31,5	31,6		31,1
9. bekkur					
Íslenska					29,3
Reykjavík					30,8
Stærðfræði					29,4
Reykjavík					30,7
Enska					30,2
Reykjavík					31,4
		19 x yfir meðaltali RVK sl. 5 ár.			
		16 x undir meðaltali RVK sl. 5 ár.			

Á mynd 6 má sjá niðurstöður stærðfræðiskimunar fyrir nemendur í 3. bekk í Háaleitisskóla árin 2016 og 2017, eftir því í hversu mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Á myndinni má sjá að árangur skólans var betri 2017 en 2016 en auk þess var árangur skólans betri en meðaltal skóla í Reykjavík það árið, 2017. Í Reykjavík allri eru 73% sem eingöngu þurftu að fara í þrep 1 og um 6% sem líklega þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði (græni liturinn og guli liturinn).



Mynd 6: Talnalykill, hlutfall nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. .

Mynd 7 sýnir hlutfall nemenda í 2. bekk í Háaleitisskóla árin 2013 til 2017, sem geta lesið sér til gagns, borið saman við hlutfall nemenda í Reykjavík. Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt Lesskimuninni hefur verið um og yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu tvö ár en undir meðaltali árin tvö þar á undan.



Mynd 7: Lesskimun, hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns.

Skólinn tók þátt í könnun Skólapúlsins 2017 fyrir eldri nemendur. Þar kom fram að trú á eigin vinnubrögðum í námi og agi í tímum var marktækt hærra meðal nemenda í Álftamýri en agi í tímum mældist marktækt lægra í Hvassaleiti (talfa 6). Aðrir þætti voru svipaðir svörum annarra þátttakanda í könnuninni (nemenda í öðrum skólum sem tóku þátt).

Tafla 6: Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins 2017

Virgni nemenda í skólanum	Álftamýri	Hvassaleiti	Landið
Ánægja af lestri	5,0	5,3	4,9
Þrautsegja í námi	5,2	5,1	5,1
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	6,1*	5,1	5,1
Trú á eigin námsgetu	5,2	5,0	5,0

*Marktækt hærra

Skóla- og bekkjarandi	Álftamýri	Hvassaleiti	Landið
Samsömun við nemendahópinn	5,3	5,7*	5,0
Samband nemenda við kennara	5,6	5,4	5,1
Agi í tímum	5,9*	4,4*	5,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	4,7*	5,2
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,8	4,3	4,8

*Marktækt hærra / marktækt lægra

Líðan og heilsa	Álftamýri	Hvassaleiti	Landið
Sjálfsálit	5,1	5,1	5,0
Stjórn á eigin lífi	4,7	4,8	4,8
Vellíðan	5,0	4,8	4,9
Einelti	4,9	4,6	5,2

*Marktækt lægra eða hærra þýðir að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins (nemendur í öðrum skólum sem tóku könnunina) og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

Skólinn tók þátt í foreldrakönnun skrifstofu skóla- og frístundasviðs árið 2018. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 10. febrúar til 15. mars og fór gagnaöflun aðallega fram á netinu en einnig var hringt í foreldra í nokkrum skólum til að hækka svarhlutfall

Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra til líðan, náms og kennslu barna þeirra í skólum. Úrtak var tekið af handahófi úr nemendaskrá þannig að jafnt hlutfall var tekið úr hverjum árgangi og eftir kyni í hverjum árgangi í úrtaki og ekki færri en 120 í hverjum skóla. Ekki var spurt um fleiri en einn nemanda frá sama heimili. Könnunin var fyrst send á netfang annars foreldris og svo hins ef svar barst ekki frá þeim fyrri.

Könnunin sýnir mjög jákvætt viðhorf foreldra til skólans. Í 17 spurningum af 21 svöruðu foreldrar Háaleitisskóla jákvæðar en viðmiðunarhópurinn (foreldrar í öðrum skólum í Reykjavík) og voru svörin oft vel yfir meðaltali (tafla 7).

Tafla 7: Niðurstöður foreldrakönnunnar 2018.

Háaleitisskóli	Niðurstöður 2018					Háaleitisskóli samanlagt mjög/frekar sammála						Mjög/frekar sammála Reykjavík í heild	
	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Yngsta stig	Miðstig	Unglinga-stig	Stelpur	Strákar	Alls	Háaleiti 2016	Reykjavík 2018
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með grunnskólann sem barnið mitt er í	38%	49%	8%	4%	1%	88%	79%	95%	89%	86%	87%	83%	81%
Líðan í skólanum													
Barnið mitt fær góðan stuðning frá kennurum sínum	43%	48%	7%	2%	0%	93%	86%	95%	92%	90%	91%	89%*	85%
Barninu finnst það vera öruggt í skólalastarfinu	47%	42%	7%	4%	0%	85%	89%	95%	92%	88%	89%	92%	87%
Barninu er mætt með sanngirni í skólalastarfinu	39%	52%	4%	3%	1%	95%	79%	100%	95%	88%	91%	91%	86%
Í skólalastarfinu er áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	29%	46%	20%	4%	1%	74%	72%	79%	83%	70%	75%	84%	70%
Skólinn tekur fljótt og vel á stríðni og einelti	22%	53%	14%	9%	1%	73%	64%	94%	70%	81%	75%	78%	65%
Agi í skólanum er góður	19%	60%	11%	6%	4%	78%	73%	90%	74%	83%	80%	81%	66%
Barninu líður vel í skólanum	40%	45%	8%	7%	0%	82%	79%	100%	79%	92%	85%	90%	84%
Nám og kennsla													
Barninu finnst gaman að læra í skólanum	30%	44%	13%	9%	3%	83%	71%	60%	82%	70%	74%	86%	75%
Barnið tekur stöðugum framförum í náminu	35%	49%	8%	6%	2%	88%	82%	81%	89%	82%	84%	86%	80%
Barnið er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu.	44%	51%	5%	1%	0%	95%	92%	95%	94%	94%	94%	89%	84%
Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi	33%	42%	11%	9%	4%	75%	75%	81%	82%	71%	76%	72%	76%
Ég fæ reglulega góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins	24%	42%	12%	16%	6%	63%	71%	71%	71%	65%	67%		63%
Ég fæ reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins	36%	39%	10%	10%	5%	69%	73%	86%	78%	74%	75%	66%	67%
Heimánám barnsins hefur skýr markmið og er vel skipulagt	24%	40%	21%	8%	7%	78%	44%	65%	72%	60%	64%	66%	66%
Stjórnun skólans													
Ég þekki stefnu og gildi skólans	14%	38%	28%	16%	3%	51%	52%	57%	36%	65%	52%	63%	64%
Skólinn/kennarinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum	9%	21%	36%	16%	16%	29%	31%	35%	28%	33%	31%	39%**	27%
Ábendingar mínar eru teknar til greina	21%	46%	24%	5%	4%	71%	64%	65%	66%	68%	68%	75%	56%
Það er gott upplýsingafiæði um skólalastarfið	29%	49%	9%	8%	4%	82%	71%	81%	76%	82%	79%	75%	72%
Skólastjórnendur eru sýnilegir í daglegu starfi	26%	36%	23%	4%	12%	61%	48%	78%	61%	64%	62%	81%**	69%
Skólanum er vel stýrnað	27%	53%	9%	5%	6%	75%	72%	100%	78%	83%	80%	86%	75%
*Spurning hljóðaði Kennari þekka þarfir barnsins og styðja það vel í skólalastarfinu													
**Orðlagi breytt örlítið													

Um könnunina

	Úrtak	Svör	Hlutfall
Svarhlutfall	136	90	66%
	Móðir	Faðir	Báðir
Svarendur	73%	22%	4%
	Stelpa	Strákur	
Börn þeirra	42%	57%	
	1.4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Aldur barna	45%	32%	24%

Milli mála, málþroskapróf.

Milli mála er málþroskapróf sem er tekið í 1.-10. bekk fyrir nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku. Á vorönn 2018 sýndu niðurstöður prófsins að margir nemendur í Háaleitisskóla eru í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk. Samkvæmt *Milli mála* niðurstöðum fær skólinn úthlutun vegna 97 nemenda, sem gefur til kynna að í hverjum bekk er hluti hópsins sem skilur ekki verkefni sín.

FYLGISKJAL 5: REKSTRARNIÐURSTAÐA HÁALEITISSKÓLA FRÁ 2014-2017.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Háaleitisskóla frá 2014 – 2017 var eftirfarandi

2014	5,1 mkr. halli
2015	27,1 mkr. halli
2016	37,9 mkr. halli
2017	5,2 mkr. halli

Taflan hér að neðan sýnir skiptinguna niður á flokka:

Flokkur	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015	Fjárhæð 2014	Áætlun 2014
Annar rekstrarkostnaður	87.323.942	64.956.353	74.642.747	55.115.598	73.342.744	54.284.181	59.659.312	54.692.983
Laun og launatengd gjöld	669.531.379	692.383.466	598.396.302	583.163.640	530.904.917	519.385.710	455.133.473	451.222.767
Tekjur	- 43.800.051	- 45.612.699	- 36.160.684	- 37.422.921	- 32.472.928	- 32.041.659	- 35.713.226	- 31.739.452
Innri leiga - húsnæði og búnaður	257.872.967	253.913.915	250.225.913	248.261.241	244.304.141	247.341.174	236.974.513	236.728.208
Heildarsumma	970.928.237	965.641.034	887.104.278	849.117.558	816.078.874	788.969.406	716.054.072	710.904.506

Helstu frávík

Árin 2014 til 2017 er skólinn í rekstrarhalla og því rekinn umfram það fjármagn sem honum er úthlutað. Árið 2014 var halli á öðrum rekstrarkostnaði og launum en afgangur á mótí í tekjum en árið 2015 og 2016 fara laun og annar rekstrarkostnaður töluvert yfir úthlutun. Á nýliðnu ári er skólinn rekinn með töluverðum halla í öðrum rekstrarkostnaði en á mótí eru laun í töluverðum afgangi. Farið var í talsverð búnaðarkaup í desember mánuði að verðmæti 5,6 m.kr. sem er hærri en halli ársins í heild, en þó ber að geta að halli af innri leigu húsnæðis og búnaðar er um 4 m.kr.

Árið 2014

Ekki er mikill halli á öðrum rekstrarkostnaði og launum. Smáir liðir hér og þar sem mynda hallann.

Árið 2015

Á árinu var farið í endurbætur á aðbúnaði skólans sem skapaði halla í öðrum rekstrarkostnaði. Launakostnaður var yfir úthlutun sem skýra má aðallega með yfirkeyrslu í almennri kennslu og yfirvinnu

Árið 2016

Svipaða sögu má segja með árið 2016 en endurnýjun áhaldna og búnaðar var haldið áfram. Launahallinn 2016 er að mestu tilkominn vegna forfalla sem leyst voru með afleysingu en afleysing fór töluvert yfir á árinu.

Árið 2017

Halli hefur minkað töluvert frá fyrri tveimur árum sem má rekja til afgangi í launum. Á mótí því kemur að annar rekstrarkostnaður er núna í talsvert meiri halla en árin áður.

*Fjármála- og rekstrarþjónusta skóla- og frístundasviðs.
Valgeir Ólafur Sigfússon.*